

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð til menningar handa fátækum, efnilegum unglingum í Flateyrarhreppi“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 9. október 1930. Skipulagsskráin er þannig: 98
9. okt.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Styrktarsjóð til menningar handa fátækum, efnilegum unglingum í Flateyrarhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ásbirni Bjarnasyni, garðyrkjumanni, Snorra Sigfússyni skólastjóra, og unglingafélaginu „Neisti“ á Flateyri, og safnað til hans á árunum 1919—1930 sem styrktarsjóðs munaðarlausra barna, en er nú breytt í þetta horf af ofangreindum aðilum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er nú kr. 800.00 — átta hundruð krónur —, sem hefir verið lagt í sparisjóð Önfirðinga til ávöxtunar. Stofnaukinn verður með vöxtum fjárins, sem jafnóðum leggjast við höfuðstólinn, og ennfremur gjafir og áheiti félaga eða einstaklinga, er styrkja vilja sjóðinn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja til menningar fátæk og efnileg ungmenni, jafnt karla sem konur, er heima eiga í Flateyrarhreppi, og þó helzt þau, sem umkomulaus eru og ekki eiga sér hjálparvon annarsstaðar frá. Styrkinn má miða við hinar brýnustu þarfir styrkþega á hverjum tíma, og helzt ekki skipta nauðsynlegri fjárhæð handa einum milli tveggja o. s. frv.

4. gr.

Vextir og aðrar tekjur leggist við höfuðstólinn, unz sjóðurinn hefir náð 10 — tíu — þúsund króna upphæð. Má þá veita til styrktar $\frac{3}{4}$ ársvaxtanna þriðja hvert ár. Þegar sjóðurinn er orðinn 20 — tuttugu — þúsund, má verja til styrktar $\frac{1}{2}$ ársvöxtum annaðhvort ár, og þá er sjóðurinn er orðinn 30 — þrjátíu — þúsund krónur má verja $\frac{1}{2}$ ársvöxtum til styrktar árlega.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri barnaskólans á Flateyri eða þeirrar menningarstofnunar, er kynni að verða arftaki hans, og sé hann formaður, sóknarpresturinn og einn Flateyringur, er hreppsnefnd kýs til 6 ára í senn.

98 Stjórnin sér um að sjóðurinn sé ávallt ávaxtaður á tryggum stað og ræður styrkveitingum úr honum s. s. 3. og 4. gr. ákveður. Formaður annast reikningshalds sjóðsins og er almanaksárið reikningsár hans, en hreppsnefndin endurskoðar reikninginn og birtir árlega fjárhæð sjóðsins á efnahagsreikningum sínum.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Flateyri, 5. sept. 1930.

Snorri Sigfússon. *Ásbjörn Bjarnason.*
(handsalað).

99
13. okt.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningagjafasjóð Landsspítala Íslands“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 13. október 1930. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningagjafasjóð Landsspítala Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningagjafasjóður Landsspítala Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1916 og hefir hann aukizt síðan með fé því, er honum hefir gefizt til minningar um látna menn.

3. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 180.000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund krónur. — Höfuðstól þennan, og það sem við hann kann að bætast, þar til Landsspítalinn tekur til starfa, má eigi skerða.

4. gr.

Eftir að farið er að veita styrk úr sjóðnum, skal árlega leggja við höfuðstól helming vaxta, þartil sjóðurinn er orðinn kr. 250.000.00, og úr því $\frac{1}{3}$ hluta vaxta, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 500.000.00, en úr því jafnan $\frac{1}{4}$ hluta vaxta.